

27. febrúar 1987

529

Nr. 264

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um menntaskóla nr. 270, 19. ágúst 1974.

1. gr.

22. grein verði svohljóðandi:

Annareinkunnir skulu gefnar í heilum tölum frá 1,0 til 10. Aðaleinkunnir skulu reiknast í heilum og hálfum tölum.

2. gr.

23. grein verði svohljóðandi:

Rétt til að flytjast milli námsáfanga eða námsára án frekari skilyrða öðlast þeir nemendur, er hljóta eftirtalдар lágmarkseinkunnir (sbr. þó ákvæði 34. gr. um lágmarks-einkunnakröfur á lokaprófum):

Annareinkunn: 4,0.

Aðaleinkunn: 4,0.

Fullnaðareinkunn: 5,0.

3. gr.

24. grein verði svohljóðandi:

Hljóti nemandi annareinkunn undir 4,0 á hann rétt á tækifæri til að uppfylla lágmarks-einkunnakröfur með því að gangast undir próf í námsefni annarinnar í viðkomandi grein annað hvort á síðari námsáfanga eða eftir að námsárinu lýkur. Sé um hið síðara að ræða, skal nemandinn hafa fullnægt öllum öðrum kröfum um flutning milli námsára. Einnig má veita nemanda tækifæri til að fullnægja lágmarkskröfum með því að bæta sig svo í greininni, að meðaltal næstu annareinkunnar og hinnar fyrri nái lágmarki.

Nú fellur nemandi á endurtekningarprófi í einni grein og skal þá skólastjórn heimilt að leyfa honum setu í næsta bekk fyrir ofan, ef fullnaðareinkunn hans er yfir 6,0. Slíka undantekningu má þó aðeins gera einu sinni á ferli nemandans í skólanum.

4. gr.

25. grein verði svohljóðandi:

Nú hefur nemandi uppfyllt lágmarksskilyrði um fullnaðareinkunn, og á hann þá rétt á tækifæri til að uppfylla lágmarksskilyrði um aðaleinkunn fyrir upphaf næsta námsárs með því að gangast undir próf í námsefni alls ársins í allt að 3 greinum, þar sem aðaleinkunn hans er undir lágmarki. Ef aðaleinkunn er undir lágmarki í fleiri en þremur greinum, telst hann óhæfur til að hefja nám á næsta námsáfanga, án tillits til fullnaðareinkunnar hans (sbr. þó 27. gr. um afburðahæfileika).

5. gr.

34. grein verði svohljóðandi:

Nemandi hefur lokið stúdentsprófi þegar hann hefur gengist undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir:

Prófseinkunn í hverri grein: 4,0.

Meðaltal námseinkunna og prófseinkunna: 5,0.

Nemandi telst þó hafa lokið stúdentsprófi, þótt tvær prófseinkunnir hans séu undir ofangreindu lágmarki, en þó ekki undir 3,0. Skólum er þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði. Á því nemandi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, rétt á að flytjast milli námsáfanga og námsára á 1.—3. námsári, þótt prófseinkunn hans í lokagrein sé undir fyrrgreindum lágmarki, meðan hann hefur ekki hlotið fleiri en tvær slíkar einkunnir.

Einkunnir í greinum, þar sem námsefni nemur minna en þremur einingum, reiknast ekki með til meðaltala þeirra, er um ræðir í þessari grein.

Skólastjórn getur veitt nemenda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1987.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri vél-skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl 1987.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl 1987.

Vélskelflett rækja

Færri en 350 stk. í lb.:

SDR pr. lb. cif.

Blokkfryst	2,98
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,98
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,12
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,47
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,64

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkað:

Blokkfryst	2,84
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	2,84
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,98
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,30
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,47